

1869.

25. ágúst.

76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturamtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið gjört grein fyrir, hvernig þér hafið varið þeim 1500 rd., sem stjórnarráðið veitti yður umráð yfir í fyrra haust, til þess að þér gætuð veitt þeim sveitum í vesturamtinu lán til að kaupa kornmat fyrir, þar sem það virtist nauðsynlegt til að afstýra hallæri, hafið þér skýrt frá í bræfi dagsettu 15. f. m., að illa horfist á víða hvar í vesturamtinu um ástandið að vetri komanda, sér í lagi í Staðarsveit og Breiðuvíkurbrepp í Snæfellsnessýslu og í ýmsum sveitum í Barðastrandarsýslu; þér hafið því sókt um, að yður verði veittir til umráða 2500 rd., til þess að lána þá, ef þörf gærist, þeim sveitum í vesturamtinu til að kaupa fyrir kornmat, þar sem það er óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri eða öðrum ófarnaði fyrir sveitirnar.

Útaf þessu skal yður kunngjört, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið treystist ekki til að veita yður fé það til umráða, er þér hafið beðið um í þessu skyni, en að vèr verðum að vísa yður á að afstýra hallæri því, er þér óttist fyrir, með því að láta jafna niður hærra aukaútsvari á sveitirnar til fátækra, og ef að það reynist ónóg, þá að fá lán hjá kaupmönnum eða öðrum á kostnað jafnaðarsjóðsins, og getið þér búizt við, að stjórnarráðið muni samþykkjast slíka ráðstöfun, ef að ekki koma seinna nýjar upplýsingar um svo mikil vandræði, að vèr álítum nægt tilefni til að fara þess á leit við ríkisþingið, að fèð verði borgað úr ríkissjóðnum.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um ráðstafanir til að afstýra hallæri.

3. septbr.

Í bræfi dagsettu 28. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, að nýju skýrt frá, að í norður- og austuramtinu sè

1869.

3. septbr.

mikil og almenn bágindi, og kennið þér að nokkru leyti því um, að of lítið hafi verið flutt að af kornmat. Um leið og þér getið þess, að í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu hafi nokkrir menn dáð úr hungri, hafið þér sókt um, að gjöfum þeim, sem safnað hefir verið í Frakklandi og Englandi handa bágstöddum Íslendingum, verði verið til að kaupa kornmat, að minnsta kosti 1000 tonnur, til útbýtingar meðal íbúa amtsins. Með bréfi, dagsettu s. d., hafið þér þar að auki sent hingað bænarskjal, þar sem hinn setti sýslumaður í Skagafjarðarsýslu sækir um, að tæðri sýslu verði séð fyrir kornmat, að minnsta kosti 1000 tonnum, og að henni einnig verði veitt hlutdeild í þeim gjöfum, sem safnað hefir verið erlendis, og nýlega var getið um.

Stjórnarráðið hefir útaf þessu spurt sig fyrir hjá þeim íslenskum kaupmönnum, sem eiga verzlunarbú á norðurlandi, um, hvort þeir ætli sér að senda nú í haust nokkur skip með kornmat til norðurlandsins, og ef svo er, þá hversu mikinn, og höfum vör fengið vitneskju frá Örum og Wulff um, að þeir bæði í fyrra haust og núna í vor hafi sent til verzlunar sinnar í Húsavík jafnmikið af kornmat og þeir sé vanir. Thaae hefir skýrt frá, að hann hafi sent í vor til norðurlandsins fjögur skip með kornmat, en eitt þeirra hafi reyndar farizt. Loks hafa þeir Fr. Hillebrandt og Gudmann sent kornmat þann, er meðfylgjandi skýrsla greinir um¹. Stjórnarráðið hefir gefið nefndinni, sem sett hefir verið til að afstýra hallæri í suðuramtinu og vesturamtinu, vitneskju um inntakið í bréfi yðar, herra amtmaður, en þó að hún hafi sagzt ekki geta látið neina hjálp í tæ, af því að hún er þegar búin að ráðstafa því, sem eptir var af gjöfunum, þá getur stjórnarráðið ekki séð, eptir upplýsingum þeim, sem það hefir fengið frá kaupmönnum, að tilefni sé fyrir sig til að gjöra neinar sèrstaklegar ráðstafanir, því kornmatur sá, sem sendur hefir verið til norðurlandsins, er miklu meiri, en þér hafið beðið um, herra amtmaður, svo, þó að of litlar byrgðir kynni að vera í einhverri

¹) Hillebrandt 2320 tonnur, Gudmann 5746 tonnur.

1869.

3. septbr.

sýslunni, þá má fá kornmat úr hinum sýslunum. Að öðru leyti verður stjórnarráðið að vísa yður á, að gjöra ráðstafanir þær, sem rædt er um í bréfi dómsmálastjórnarinnar 25. f. m., ef þess gjörist þörf. Að endingu eruð þér beðnir að hlutast til um, að rannsókn fari fram útaf því, að menn hafa dáið úr hungri, eins og þér hafið getið um í bréfi yðar, og, ef þörf gjörist, að láta höfða mál á móti hlutaðeigandi fátækrastrjórum, og vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um, hvað gjört verður í þessu efni.

78. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austuramtinu, um ávaxtan ómyndugra fjár í sparisjóðum. 14. septbr.

Í bréfi dagsettu 5. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá, að Ole Smith, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, hafi spurt um sem forseti forstöðunefndarinnar fyrir sparisjóð þeim, sem hann hefir stofnað fyrir Múlasýslurnar, sumpart með sjálfs síns fjármunum, sumpart með samskotum einstakra manna, hvort amtinu virðist ekki vera tilefni til að mæla fyrir við fjárhaldsmenn ómyndugra um, að, þegar ekki fæst veð fyrir ómyndugra fè, sem er minna að upphæð en 50 rd. og 100 rd., þá skuli ávaxta það í sparisjóðnum, ef þess þarf ekki undir eins með, hlutaðeigendum til framfæris. Hafið þér borið undir stjórnarráðið, hvort ekki megi láta það vera komið undir fjárhaldsmönnum sjálfum, hvort þeir kjósi heldur að ávaxta fè, er nemur að eins 50 rd. til 100 rd., í tæðum sparisjóði, og sé þeir í fullri ábyrgð á því eins og lög ákveða, eða lána það gegn veði í lausafè.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að gagnvart ákvörðunum í tilskipun 18. febrúarmán. 1847 og opnu bréfi 4. júnímán. 1864 verður fjárhaldsmönnum ekki án nýrrar lagasetningar veitt heimild til þess, sem hér ræðir um.